

Innviðaráðuneytið
Sölvhólsögötu 7
101 Reykjavík

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 vegna íbúakosninga á vegum sveitarfélaga.

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt dags. 4. mars sl. þar sem óskað er eftir umsögnum um frumvarp til breytingar á sveitarstjórnarlögum.

Reykjavíkurborg tekur undir markmið frumvarpsins og telur mikilvægt að skýra og einfalda þær reglur sem gilda um íbúakosningar á vegum sveitarfélaga. Sérstaklega er talið mikilvægt að lögfesta varanlegar heimildir sveitarfélaga til að halda íbúakosningar með rafrænum hætti.

Að öðru leyti gerir Reykjavíkurborg eftirfarandi athugasemdir:

- Þær reglur sem nú gilda um íbúakosningar má annars vegar finna í sveitarstjórnarlögum og hins ákvæðum kosningalaga. Lögð er áhersla á að lögfest verði almennt ákvæði sem gildir um allar tegundir íbúakosninga.
- Lögð er mikil áhersla á að sveitarstjórnun verði veitt heimild til að lækka kosningaaldur í tilteknum íbúakosningum í 16 ár eins og lagt er til í frumvarpinu.
- Í frumvarpinu er lagt til að ráðuneyti geti heimilað, að beiðni sveitarstjórnar, að íbúakosning skv. 133. gr. fari fram með rafrænum hætti og að kjörskrá vegna íbúakosninga verði rafræn. Reykjavíkurborg telur að ákvörðun um rafrænar íbúakosningar ættu að vera á forræði sveitarfélaganna sjálfra og ekki háðar samþykki ráðuneytis. Til þess að það geti orðið er nauðsynlegt að Þjóðskrá Íslands búi yfir öruggu kosningakerfi sem heldur utan um rafrænar kosningar.

Reykjavíkurborg tekur einnig undir þau sjónarmið sem fram koma í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarpið.

Með vísan til ofangreinds telur Reykjavíkurborg efni frumvarpsins til bóta og hvetur til þess að það verði að lögum að teknu tilliti til ábendinga.

F.h. Reykjavíkurborgar,



Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar